

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

**Umhverfis- og skipulagsnefnd - 159159. fundur umhverfis- og
skipulagsnefndar
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, þriðjudaginn 5. apríl 2022
og hófst hann kl. 09:30.**

Fundinn sátu:

Drífa Skúladóttir, Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Kristjana Hermannsdóttir, Ragnar Már Ragnarsson og Valgerður Hlín Krstmannsdótti.

Fundargerð ritaði: Valgerður Hlín Kristmannsdóttir, Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa.

Dagskrá:

1. Breyting aðalskipulags á Hellnum og nýtt deiliskipulag á Gíslabæ, Hellnum - 2006008

Framkomnar athugasemdir frá hagsmunaaðilum lagðar fram til nánari skoðunar milli funda.

Athugasemdir hagsmunaaðila kynntar umhverfis- og skipulagsnefnd til skoðunar milli funda.

Kynnt

2. Gamli Kaupstaður_Nýtt deiliskipulag - 1905013

Tölvupóstur frá Sigurði Sigurjónssyni lagður fyrir.

Umhverfis- og skipulagsnefnd fór yfir málið og samþykkir að hámarkshæð húss skuli ekki vera meiri en 5,4 metrar og falli frá áður bókuðum kröfum um þakhalla og vegghæð. Nefndin ítrekar að hönnun hússanna falli vel að umhverfinu varðandi litar- og efnisval og form. Nefndin felur forstöðumanni tæknideildar að ræða við Sigurð.

Í vinnslu

3. Ennisbraut 23_Umsókn um byggingarleyfi fyrir 30 fm bílskúr - 2203008

Roman Ostanski sækir um leyfi fyrir stakstæðum bílskúr sunnan við einbýlishús sitt að Ennisbraut 23, Ólafsvík. Bílskúrinn verður 30 fm með innkeyrslu úr vestri, sjá meðfylgjandi teikningu.

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt i erindið og óskar eftir frekari gögnum. Nefndin bendir jafnframt á að eðlilegra sé að aðkeyrsla bílskúrs sé frá Ennisbraut.

Jákvætt

4. Plássið Laugarbrekku - Breytingar innandyra - 2109004

Kári Eiríksson sækir um fyrir hönd Múkka ehf. um leyfi til að breyta hluta hússins í tvær íbúðir til útleigu fyrir ferðamenn. Fyrirhuguð framkvæmd er fyrsti hluti stærra verkefnis

777

AD

1

HJK
S

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

en alls er gert ráð fyrir að hægt verði að koma 10 íbúðum fyrir í húsinu.

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt i erindið en vill fá frekari upplýsingar um hvernig brunavörnum verði háttað með tilliti til slökkvivatns.

Jákvætt

5. Hella_Umsókn um stækkun lóðar til suðurs og leyfir fyrir þremur 25 fm gestahúsum - 2203013

Hafþór Svansson og Urzula Zyskowska sækja um leyfi til að reisa allt að þrjú 25 fm gestahús með 10 m millibili á Hellu, Hellissandi. Einnig sækja þau um stækkun lóðar Hellu til suðurs til þess að staðsetja gestahúsin á, sjá teikningu.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um möguleika á stækkun lóðar og að gestahúsin standist byggingarreglugerð.

Samþykkt

6. Ólafsbraut 19_Umsókn um breytingu á inngangi og viðbyggingu að aftan ásamt því að skipta út skilti - 2203014

Björn Hilmarsson sækir um fyrir hönd VOOT Beitu ehf um leyfi fyrir breytingum á framhlið verslunarrymísins þar sem nýtt skilti verður sett upp og hurðum verður fækkað úr tveimur í eina. Einnig verður nýr gluggi settur á viðbyggingu að aftanverðu þar sem settir verða upp tveir læstir gasskápar. Sjá meðfylgjandi teikningar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um staðsetningu á gasskápum. Nefndin felur byggingarfulltrúa að athuga málið.

Samþykkt

7. Dyngjubúð 4_Umsókn um leyfi fyrir varmadælu á bílskúr - 2204001

Hafsteinn Ingi Viðarsson sækir um leyfi fyrir varmadælu aftan við bílskúr sinn að Dyngjubúð 4. Dælan er 110 H x 130 B og verður staðsett á steyptum fleti í lóðarhæð.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

8. Sandholt 20_Stækkun á kvisti að norðanverðu - 2204002

Hafdís Rán Brynjarsdóttir sækir um byggingarleyfi fyrir breytingu á kvisti sem er á norðanverðu húsi hennar að Sandholti 20. Breytingin felur í sér stækkun kvists og minnkun á þakhalla. Sjá meðfylgjandi teikningar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

9. Brúarholt 5 - Umsókn um byggingarleyfi vegna klæðingar - 2204004

Eigendur Brúarholts 5, Leigufélagið Bríet, Axel Kristinn Davíðsson og Marta Maciulewicz, sækja um leyfi til þess að klæða norðausturhlíð og hluta norðvesturhlíðar hússins með bárukklæðingu úr áli. Suðvestur- og suðausturhlíðar hafa áður verið klæddar. Sjá meðfylgjandi aðaluppdrátt.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

77

Hill

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

10. Melnes 7_Umsókn um leyfi til þess að reisa tilbúna viðbyggingu við steypustöð - 2204005

Umsókn um leyfi til þess að reisa viðbyggingu við steypustöð en viðbyggingin stóð áður við Hótel Búðir. Fyrirhugað er að nota hana fyrir kaffiaðstöðu.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að endanlegum uppdráttum verði skilað inn ásamt skráningartöflu. Nefndin minnir á að lóðin sé víkjandi samkvæmt aðalskipulagi.

Samþykkt

11. Grundarslóð 12_Umsókn um stöðuleyfi fyrir hjólhýsi - 2203011

Porseir Guðmundsson sækir um fyrir hönd Merki ehf um stöðuleyfi fyrir einu hjólhýsi á Grundarslóð 12, Arnarstapa vegna útgerðar sinnar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

12. Grundarslóð 12_Umsókn um stöðuleyfi fyrir hjólhýsi - 2203010

Ragnar Guðmundsson sækir um stöðuleyfi fyrir einu hjólhýsi á Grundarslóð 12, Arnarstapa vegna útgerðar sinnar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

13. Grundarslóð 12_Umsókn um stöðuleyfi fyrir hjólhýsi - 2203009

Magnús Ólafsson sækir um stöðuleyfi fyrir einu hjólhýsi á Grundarslóð 12, Arnarstapa vegna útgerðar sinnar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

14. Brekkubær, Hellnaþorp_Fyrirspurn vegna vatnsveitu - 2204003

Lögð er fram fyrirspurn vegna hugsanlegrar vatnsveitu á Hellnum.

Umhverfis- og skipulagsnefnd frestar erindinu og tæknideild falið að vinna málid áfram.

Frestað

15. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2022 - 2201001

- Staða mála kynnt vegna deiliskipulags á Rifi.

- Staða slökkvivatns og vatnsmála á Hellnum rædd.

777

H/L. 15.1.

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNAEFELLSBÆJAR

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:10.

Fleurið fer fær
Hallðor Kári Ásgeirsson.

DJK
Krisþóra Hermannsdótt.